

## Jólasveinakvæði Jóhannesar úr Kötlum

Segja vil ég sögu  
af sveinunum þeim,  
sem brugðu sér hér forðum  
á bæina heim.

Þeir uppi á fjöllum sáust,  
-eins og margur veit,-  
í langri halarófu  
á leið niður í sveit.

Grýla var þeirra móðir  
og gaf þeim tröllamjólk,  
en pabbinn Leppalúði,  
-það var leiðindafólk.

Þeir jólasveinar nefndust,  
-um jólin birtust þeir,  
og einn og einn þeir komu,  
en aldrei tveir og tveir.

Þeir voru þrettán  
þessir heiðursmenn,  
sem ekki vildu ónáða  
allir í senn

Að dyrunum þeir læddust  
og drógu lokuna úr.  
Og einna helst þeir leituðu  
í eldhús og búr.

Lævisir á svipinn  
þeir leyndust hér og þar,  
til óknyttanna visir,  
ef enginn nærri var.

Og eins, þó einhver sæi,  
var ekki hikað við  
að hrekkja fólk - og trufla  
þess heimilisfrið.

Stekkjastaur kom fyrstur,  
stinnur eins og tré.  
Hann laumaðist í fjárhúsin  
og lék á bóndans fé.

Hann vildi sjúga ærnar,  
-þá varð þeim ekki um sel,  
því greyið hafði staurfætur,  
-það gekk nú ekki vel.

Giljagaur var annar,  
með gráa hausinn sinn.  
-Hann skreið ofan úr gili  
og skaust í fjósið inn.

Hann faldi sig í básunum  
og froðunni stal,  
meðan fjósakonnan átti  
við fjósamanninn tal.

Stúfur hét sá þriðji,  
stubburinn sá.

Hann krækti sér í pönnu,  
þegar kostur var á.

Hann hljóp með hana í burtu  
og hirti agninar,  
sem brunnu stundum fastar  
við barminn hér og þar.

Sá fjórði, Þvörusleikir,  
var fjarskalega mjór.  
Og ósköp varð hann glaður,  
þegar eldabuskan fór.

Þá þaut hann eins og elding  
og þvöruna greip,  
og hélt með báðum höndum,  
því hún var stundum sleip.

Sá fimmti Pottaskefill,  
var skrítið kuldastrá.  
-Þegar börnin fengu skófir  
hann barði dymnar á.

Þau ruku' upp, til að gá að  
hvort gestur væri á ferð.  
Þá flýtti' ann sér að pottinum  
og fékk sér góðan verð.

Sá sjötti Askasleikir,  
var alveg dæmalaus.-  
Hann fram undan rúmunum  
rak sinn ljóta haus.

Þegar fólkið setti askana  
fyrir kött og hund,  
hann slunginn var að ná þeim  
og sleikja á ýmsa lund.

Sjöundi var Hurðaskellir,  
-sá var nokkuð klúr,  
ef fólkið vildi í rökkrunu  
fá sér vænan dúr.

Hann var ekki sérlega  
hugginn yfir því,  
þó harkalega marraði  
hjörunum í.

Skyrjarmur, sá áttundi,  
var skelfilegt naut.  
Hann hlemminn o'n af sánunum  
með hnefanum braut.

Svo hámaði hann í sig  
og yfir matnum gein,  
uns stóð hann á blistri  
og stundi og hrein.

Níundi var Bjúgnakrækir,  
brögðóttur og snar.  
Hann hentist upp í rjáfrin

og hnuplaði þar.

Á eldhúsbita sat hann  
í sóti og reyk  
og át þar hangið bjúga,  
sem engan sveik.

Tíundi var Gluggagægir,  
grályndur mann,  
sem laumaðist á skjáinn  
og leit inn um hann.

Ef eitthvað var þar inni  
álitlegt að sjá,  
hann oftast nær seinna  
í það reyndi að ná.

Ellefti var Gáttaþefur  
-aldrei fékk sá kvef,  
og hafði þó svo hláleg  
og heljarstórt nef.

Hann ilm af laufabrauði  
upp á heiðar fann,  
og léttur, eins og reykur,  
á lyktina rann.

Ketkrókur, sá tólfti,  
kunni á ýmsu lag.-  
Hann þrammaði í sveitina  
á Þorláksmessudag.

Hann krækti sér í tutlu,  
þegar kostur var á.  
En stundum reyndist stuttur  
stauturinn hans þá.

Þrettándi var Kertasníkir,  
-þá var tíðin köld,  
ef ekki kom hann síðastur  
á aðfangadagskvöld.

Hann elti litlu börnin,  
sem brostu glöð og fín,  
og trítluðu um bæinn  
með tólgarkertin sín.

Á sjálfa jólanóttina,  
-sagan hermir frá,-  
á strák sínum þeir sátu  
og störfu ljósin á.

Svo tíndust þeir í burtu,  
-það tók þá frost og snjór.  
Á Þrettándanum síðasti  
sveinstaulinn fór.

Fyrir löngu á fjöllumunum  
er fennt í þeirra slóð.  
-En minningarnar breytast,  
í myndir og ljóð.